

Foreldrafélag Glerárskóla

14. mars 2016

Fundur með stjórn Samtaka

Mættir: Aníta, Brynja, Vilborg, Alma og Líney. Einnig mættir 5 manns úr stjórn samtaka, þau Heimir, Ásrún, Móna, Guðbjörg og Jóhann.

1. Aníta byrjaði á að kynna félagið okkar og fór yfir starf foreldrafélags Glerárskóla.
2. Umræður um störf foreldrafélaganna.
3. Umræður um foreldraröltið sem fyrirhugað er að byrja með í haust.
4. Gulli fer í alla skóla í apríl og kynnir fyrir foreldrum hvernig planið verður, stefnt að því að byrja í öllum skólum og miðbænum á sama tíma í byrjun næsta skólaárs.
5. Hver og einn skóli tekur sitt hverfi. Hver og einn bekkur fær eina viku. Rúllar á 9 vikum, hver og einn árgangur verður því eina viku á 9 vikna fresti. Tvisvar sinnum fyrir áramót og tvisvar sinnum eftir áramót. Á kynningarfundunum/bekkjafundunum í skólabyrjun verða plönin tilbúin og foreldrar skrá sig á vaktir. Mikilvægt að planið sé óreglulegt, s.s. mismunandi dagar/kvöld sem foreldraröltið verður. Aukavakt í skólunum þegar eru böll/diskó. Hver og einn skóli fær úthlutaða helgi, VMA og MA eru með í því. 8. – 10. bekkur verða með í því, ekki yngri bekkir. Samtaka ætlar að athuga með vestri. Fundur með foreldrum þar sem þetta verður kynnt. Fundarboð verður sent til þeirra og þar mun koma fram að Skóladeild, skólarnir, Rósenborg og lögreglan koma að foreldraröltinu.
6. Á fundinum kom fram ánægja með fund Samtaka með öllum foreldrafélögum grunnskólanna á Akureyri. Krafa um að gera þetta á hverju hausti, í upphafi hvers skólaárs. Einnig kom fram ánægja með fyrirhugað foreldrarölt.
7. Næsti fundur hjá foreldrafélagi Glerárskóla verður 25. apríl kl. 18:00.

Fleiri mál ekki rædd og fundi slitið, Líney Elíasdóttir